



Reglur um akstursþjónustu Akraneskaupstaðar fyrir fatlað fólk

Reglur þessar byggja á 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Markmið

Markmið akstursþjónustu fyrir fatlað fólk er að gera þeim íbúum Akraneskaupstaðar sem ekki geta nýtt sér almenningsamgöngur vegna fötlunar kleift að lifa sem sjálfstæðustu lífi miðað við getu hvers og eins og jafna aðstöðumun sem kann að vera til staðar milli fatlaðs fólks og ófatlaðs. Þjónustan skal taka mið af einstaklingsbundnum þörfum og miða að valdeflingu og hvatningu til virkrar þátttöku í samfélaginu.

2. gr.

Réttur til akstursþjónustu

Rétt til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum eiga þeir sem uppfylla það skilyrði er að fötlun þeirra umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig skal umsækjandi uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili á Akranesi.
2. Umsækjandi hafi ekki aðgang að eigin farartæki eða geti ekki vegna aðstæðna nýtt sér það til að komast ferða sinna.
3. Umsækjandi hafi ekki fengið styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa né njóti styrks til reksturs bifreiðar.
4. Umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.
5. Umsækjandi er ófær um að nota almenningsamgöngur vegna langvarandi fötlunar.

Reglur þessar taka ekki til íbúa sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á akstursþjónustu áfram meðan þörf krefur.

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu hefur heimild til að veita undanþágu frá 2. gr. reglna þessara vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem umsækjandi hefur til umráða.





Akraneskaupstaður

3. gr.

Akstursþjónusta fyrir fötluð börn

Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna geta sótt um akstursþjónustu fyrir börn sín samkvæmt þessum reglum til að sækja heilbrigðisþjónustu, vegna tómsunda eða annarrar félagslegrar þátttöku.

Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með akstursþjónustu. Notkun barnabístóla er á ábyrgð foreldra/forsjáraðila barnsins.

Um aðstoðarmenn gilda sömu reglur og fyrir fullorðna einstaklinga.

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla, skv. 22. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Fötluð börn og ungmenni geta átt rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum til og frá grunn- og framhaldsskóla innan sveitarfélags með sömu skilyrðum og getið er um í 2. gr. þessara reglna.

4. gr.

Inntak þjónustu og umfang

Megintilgangur akstursþjónustu Akraneskaupstaðar fyrir fatlað fólk er að þeir sem ekki geta nýtt sér almenningsgöngur vegna fötlunar geti stundað vinnu, nám, þjálfun, sótt heilbrigðisþjónustu og stundað tómsundir og lifað sjálfstæðu lífi. Lögð er áhersla á að viðmið um ferðafjölda taki mið af þörfum hvers og eins. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka.

II. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Sótt er um akstursþjónustu á sérstöku eyðublaði í íbúagátt Akraneskaupstaðar eða á eyðublaði í þjónustuveri Akraneskaupstaðar. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu fyrir sína hönd. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsóknina s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun.

6. gr.

Samvinna og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður velferðar- og mannréttindasviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu fatlaðs fólks.





Akraneskaupstaður

7. gr.

Mat á umsókn

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu annast afgreiðslu umsókna um akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Matsteymi er heimilt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum til að leggja mat á umsókn, s.s. læknisvottorði, greiningu á fötlun og upplýsingum um styrk frá Tryggingastofnun ríkisins til bifreiðakaupa eða reksturs bifreiðar.

Umsókn um akstursþjónustu skal ávallt metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna Akraneskaupstaðar og/eða aðra ferðamöguleika. Tímabil samþykkis umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins.

8. gr.

Undanþágur

Umsókn um undanþágu vegna sérstakra aðstæðna, s.s. vegna fjölda ferða og tímabundinna veikinda skal berast í gegnum íbúagátt, á heimasíðu Akraneskaupstaðar eða til stuðningsþjónustu á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu bæjarins og í þjónustuveri Akraneskaupstaðar.

9. gr.

Tímabundið samþykki

Þegar notandi akstursþjónustu fatlaðs fólks dvelur tímabundið utan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum og óskar eftir akstursþjónustu fatlaðs fólks þar sem hann er staddur, er það heimilt ef fyrirliggjandi er samþykkt viðkomandi bæjarfélags um akstursþjónustu fatlaðs fólks. Þá skal einnig liggja fyrir samþykki dvalarsveitarfélags um veitingu þjónustunnar. Samþykkt skal vera tímabundin.

10. gr.

Gildistími umsóknar

Gildistími samþykkrar umsóknar tekur mið af mati á þjónustubörf hvers og eins en að jafnaði er miðað við eitt ár. Ef aðstæður breytast verulega eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir akstursþjónustu. Umsækjanda er ætíð heimilt að senda inn nýja umsókn hafi orðið breytingar á færni eða aðstæðum hans.

III. kafli

Framkvæmd þjónustu

11. gr.

Umsjón akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

Matsteymi stuðnings- og stoðþjónustu ber ábyrgð á faglegu mati á þörf fyrir akstursþjónustu og ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna.

Þjónustuaðili akstursþjónustu Akraneskaupstaðar sér um og ber ábyrgð á framkvæmd akstursþjónustunnar. Ábendingum varðandi framkvæmd þjónustunnar skal beina til bæjarfélagsins á netfangið akranes@akranes.is.





Akraneskaupstaður

12. gr.

Þjónustutími og þjónustusvæði

Þjónustutími akstursþjónustu fatlaðs fólks er frá 07:30 – 18:00 á virkum dögum.

Þjónustusvæði akstursþjónustu er við mörk sveitarfélagsins.

13. gr.

Pantanir/afpantanir

Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers eða í gegnum íbúagátt eða á netfangið akranes@akranes.is. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu nema pantað sé með a.m.k. tveggja daga fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er.

Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða þjálfunar eða tómsunda til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð.

14. gr.

Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars, innan þjónustusvæðis samkvæmt reglum þessum.

Farþegi skal vera tilbúinn til brottfarar á umsömdum tíma í anddyri á tilgreindum brottfararstað. Biðtími fyrir farþega skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Purfi farþegi aðstoð við að komast í og úr bifreið og að/frá heimili sínum skal ökumaður aðstoða hann við það sé þess nokkur kostur. Aðstæður skulu metnar út frá öryggi annarra farþega.

Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum. Ferðatími skal ekki vera lengri en 30 mínútur í senn.

Farþegar þurfa að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum. Akstursþjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri farþegar ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega. Farþega sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

Farþegum akstursþjónustu skal sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki. Bifreiðastjórum sem annast akstursþjónustu er heimilt að synja akstri í einstöku tilvikum séu til þess ríkar ástæður vegna ástands farþega.

15. gr.

Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Geti notandi ekki ferðast einn skal aðstoðarmaður fylgja honum. Ekki er greitt fargjald fyrir aðstoðarmenn.





Akraneskaupstaður

16. gr.

Gjaldtaka

Akstursþjónustan fylgir gjaldskrá almenningsvagna Akraneskaupstaðar og eru ferðir með skipulagðri akstursþjónustu því gjaldfrjálsar.

Ferðir sem falla utan þjónustutíma skipulagðrar akstursþjónustu eru niðurgreiddar.

Velferðar- og mannréttindasvið lætur notendum í té sérstök kort sem veita ákveðna niðurgreiðslu á hverri ferð með leigubifreið, utan þjónustutíma akstursþjónustu. Heimilt er að nota eitt kort í hverri ferð en það sem umfram kann að vera greiða farþegar sjálfir. Velferðar- og mannréttindaráð ákveður gjaldskrá leigubifreiðakorta.

Viðmið um ferðafjölda utan skipulagðrar akstursþjónustu skal taka mið af þörfum hvers og en þó skulu niðurgreiddar ferðir aldrei vera fleiri en 10 ferðir á mánuði.

17. gr.

Öryggi og samráð

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að akstursþjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð ökumönnum fólksflutningabifreiða.

Ökumaður skal jafnframt reglulega sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar akstursþjónustu sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

18. gr.

Annars konar akstursþjónusta

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk getur einnig falist í því að starfsfólk aki bifreið fatlaðs einstaklings sem hluti af stoðþjónustu. Akstursþjónusta getur einnig tengst framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) en er þó ekki hluti af samkomulagi um NPA. Einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag skal gera milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags þar sem kveðið er á um greiðslu kostnaðar og tekið tillit til skattlagningar á greiðslum. Í samningi skal jafnframt koma fram hvaða tryggingarvernd sé til staðar fyrir notanda og starfsmann. Einnig hvernig farið skuli með tjónstilvik, greiðslu sjálfsábyrgðar og aðra þætti eftir þörfum.





Akraneskaupstaður

IV. kafli **Málsmeðferð**

19. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um akstursþjónustu hefur borist. Starfsmenn skulu taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og sjá jafnframt til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

20. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Starfsmenn eru bundnir trúnaði og skulu gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu um persónulega hagi notenda og fara með allar upplýsingar sem þeir fá sem trúnaðarmál. Starfsmenn skulu skrifa undir þagnarheit. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum. Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu fyrir aldraða skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað.

Starfsmönnum er ekki heimilt að taka við gjöfum eða greiðslum frá umsækjendum eða aðstandendum þeirra.

21. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Akraneskaupstaðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðar- og mannréttindaráðs Akraneskaupstaðar.

Velferðar- og mannréttindaráð hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því notanda barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

22. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða reglna þessara og/eða annarra reglna eða laga, eftir því sem við á. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

23. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað við afgreiðslu umsóknar skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun matsteymis velferðar- og mannréttindasviðs um afgreiðslu





Akraneskaupstaður

umsóknar til velferðar- og mannréttindaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og mannréttindaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðar- og mannréttindaráðs.

24. gr.

Enduruptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

25. gr.

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. september 2021.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur Akraneskaupstaðar um ferðaþjónustu fatlaðs fólks frá 4. júlí 2012

Samþykkt á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 5. maí 2021

Samþykkt á fundi bæjarráðs þann 20. maí 2021

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 25. maí 2021

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri

